

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
postur@anr.is

Reykjavík, 06.10.2020
Tilvísun vor: M-2020-288/ 00.11

Efni: Drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð, mál nr. 201/2020.

Landsvirkjun þakkar tækifæri til að skila inn umsögn um frumvarpið. Tækniþróunarsjóður hefur um árabíl verið hryggjarstykkið í nýsköpunarumhverfinu hérlendis og hefur fjölda fyrirtækja verið komið á legg fyrir tilstuðlan sjóðsins. Með því að styðja með öflugum hætti við þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar, má leysa úr læðingi verðmæti sem liggja í nýsköpun í atvinnulífinu.

Landsvirkjun fagnar sérstaklega viðbót sem finna má í drögum að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð og lítur að því að heimilt sé að styrkja tækniþróun og rannsóknir í samstarfi við erlenda sjóði til viðbótar við þá aðila sem áður voru taldir upp þ.e. stofnanir, háskólar og fyrirtæki. Samstarf við erlenda sjóði getur gefið verkefnum slagkraft og stuðlað að aukinni verðmætasköpun á breiðum grunni.

Að lokun vill Landsvirkjun ítreka stuðning við meginefni frumvarpsins og er fyrirtækið að sjálfsögðu reiðubúið að veita frekari upplýsingar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllt,



Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri



Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni